



Reykjavík, 1. október 2024

MSS24060027

## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

### Svar við fyrirspurn áheyrnafulltrúa Flokks fólksins um beiðnakerfi

Vísað er til fyrirspurnar áheyrnafulltrúa Flokks fólksins um beiðnakerfi, dags. 6. júní 2024, sem barst fjármála- og áhættustýringarsviði þann 30. ágúst sl. Fyrirspurnin er eftirfarandi:

„Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvenær áformað er að hætta notkun núverandi beiðnakerfis og taka upp stafræna lausn rafrænna beiðna sem nú stendur þjónustu- og nýsköpunarsviði til boða að kostnaðarlausu meðal annars frá Síminn Pay og fleiri fyrirtækjum sem mörg önnur sveitarfélög eru komin með í fulla virkni.“

#### Svar:

Verkefnahópur um rafrænar beiðnir var skipaður í lok árs 2023 og skilaði af sér skýrslu til sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs 11. apríl 2024. Hópurinn fór í ítarlega greiningu á verkefninu, ræddi við notendur, birgja o.fl. og fékk kynningu á nokkrum kerfum. Ýmis kerfi hafa verið að koma á markaðinn á undanförunum árum sem hafa verið kynnt fulltrúum borgarinnar. Kerfin hafa færst nær því að uppfylla þarfir borgarinnar en vegna umfangs (um 800 rekstrareiningar og milli 15 - 20 þús. beiðnir á ári) þá þarf að huga að mögnum þáttum til að rafrænar beiðnir sem koma í stað pappírs gangi alla leið rafrænt í bókhald. Rafrænt kerfi þarf að uppfylla ríkar kröfur borgarinnar um öryggi gagna, það þarf að geta leyst af hólmi önnur innkaupaform sem leiði til minni notkunar á innkaupakortum og útlögðum kostnaði. Á grundvelli vinnu verkefnahópsins var lagt til að farið yrði í ítarlega skoðun á tveimur kerfum. Þjónustu- og nýsköpunarsvið hefur nýlega skipað verkefnisstjóra og frekari vinna er að fara af stað ásamt aðilum frá fagsviðum og fjármála- og áhættustýringarsviði. Stefnt er að því að það verði komin niðurstaða í þetta verkefni um áramótin 2024/2025. Í framhaldi af því verði tekin ákvörðun um rafrænt beiðnakerfi og það síðan innleitt. Markmiðið er að rafrænt beiðnakerfi taki alfarið við af núverandi fyrirkomulagi beiðna að innleiðingu lokinni.

Virðingarfyllst,

Halldóra Káradóttir,  
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs



Reykjavík